



Árnesi, 23 mars, 2021

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202103-0005

Fundargerð:

Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps. Leikholt.

Haldinn í Árnesi 23. mars 2021 klukkan 17:00

Viðstaddir

Anna K Ásmundsdóttir, Ástráður Unnar Sigurðsson, Einar Bjarnason, Elín Anna Lárusdóttir, Helga Guðlaugsdóttir, Ingvar Þrándarson, Kristófer A. Tómasson

Fundargerð:

* * *

1. Mygla, flutningur og Covid.

Leikskólastjóri kynnti fundargerð frá starfsmannafundi haldinn á Blesastöðum með Kristófer, Skafta og Einari. Fundurinn var vel heppnaður og mikil ánægja er meðal starfsmanna leikskólans.

Leikskólastjóri sagði frá hvernig andinn er í leikskólanum og ræddi um hversu góður starfskraftur er í leikskólanum. Skólanefnd tekur undir þau ummæli og þakkar starfsfólki fyrir vel unnin störf á erfiðum tímum.

Sveitastjóri fór yfir stöðu framkvæmda í leikskólahúsi í Brautarholti. Viðgerðir og breytingar ganga vel og tímasetningar standast.

2. Mönnun leikskóla

Leikskólastjóri kynnti skýrslu um starfshlutföll og stöðugildi í leikskólanum í febrúar 2021. Margir orlofsdagar eru ónýttir á þessu ári og er ályktun skólanefndar að leita þarf lausna með hliðsjón af kjarasamningum. Málinu vísað til sveitarstjórnar til frekari umfjöllunar.

Leikskólastjóri vísaði í 7. grein reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr.655/2009 þar sem fjallað er um fjölda starfsfólks, sjá fylgiskjal um fáliðunaráætlun Leikhólts.

3. Drög að skóladagatali

Leikskólastjóri kynnti drög að skóladagatali veturinn 2021-2022.

Vegna breytinga á kjarasamningum þarf að skipuleggja aukið sumarfrí leikskólastarfsmanna til að ekki skorti þjónustu. Ýmsar hugmyndir ræddar án þess að tilkomi meiri lokun á starfsemi leikskólans. Leitast verður eftir góðu samstarfi við foreldra leikskólabarna.



4. Önnur mál

Einar Bjarnason kynnti skýrslu frá sambandi íslenskra sveitarfélaga hvað varðar rekstur leikskólans. Einnig kynnti hann skjal frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi um rekstur skólans. Einhver hækkun hefir verið á ýmsum gjöldum en þó ekki mikill.

Leikskólastjóri kynnti könnun á þörf fyrir sérfræðiaðstoð í leikskólum nágrennasveitarfélaga fyrir starfsmenn leikskóla. Um er að ræða óformlega könnun á vegum leikskólastjóra. Vel var tekið í könnunina og leiðir hún í ljós að margir starfsmenn myndu nýta sér aðstoð sjúkraþjálfara ásamt öðru.

Fundi slitið kl. 18.04 Næsti fundur ákveðinn 27. apríl .nk . kl 17.00.

Ingvar Þrándarson

Jóna H. Ásell

Elín A. Lárusd.

Helga Guðlaugsd.

Ástríður Unnar Sigurdsson

Guðrún Þunnar

Þórunn Þórunn